

Alþingi
Erindi nr. P 130/162
komudagur 19.11.2003



Alþingi Íslendinga
Eva María Ævarsdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 17. nóvember 2003

Tilvísun: FEL02030005/0005/GÓH/--

Vísað er til bréfs yðar, dags. 31. október 2003, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til verndun hafs og stranda, 162 mál, heildarlög.

Ráðuneytið veitti umsögn um frumvörp sama efnis á 127. og 128. löggjafarþingi en fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að frumvarpið sé nú lagt fram nokkuð breytt, m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem bárust um frumvarpið.

Í umsögn ráðuneytisins, dags. 15. janúar 2003, um frumvarp það er lagt var fram á 128. löggjafarþingi gerði ráðuneytið nokkrar athugasemdir við efni og orðalag frumvarpsins.

Taldi ráðuneytið ástæðu til að gera athugasemd við þá breytingu frá því frumvarpi er lagt var fram á 127. löggjafarþingi að í b-lið 14. gr. frumvarpsins var bætt inn orðunum „við strendur“ í 1. málslíð. Að mati ráðuneytisins felur umrætt orðalag í sér nokkra óvissu um hver skuli meta umfang bráðamengunar utan strandsvæða, en tekið skal fram að ekki er í frumvarpinu að finna skilgreiningu á því hve langt á haf út ábyrgð heilbrigðisfulltrúa getur náð. Í þessu sambandi benti ráðuneytið á að í 3. gr. frumvarpsins mætti skilgreina annars vegar strandsvæði og hins vegar hafsvæði. Ráðuneytið telur afar brýnt að ljóst sé hvaða stjórnvald ber ábyrgð á aðgerðum þegar um bráðamengun er að ræða og er því lagt til að reynt verði að orða tilvitnuð ákvæði frumvarpsins með skýrari hætti en nú er gert.

Ráðuneytið fær ekki séð af hinu endurskoðaða frumvarpi að tekið hafi verið tillit til athugasemda ráðuneytisins og ítrekar ráðuneytið því fyrrnefndar athugasemdir sínar.



Í 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtökuheimild til handa hafnarstjórnnum sveitarfélaga vegna móttöku úrgangs og skólps í höfnum. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að setja gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs og skólps í höfnum. Gjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Af orðalagi ákvæðisins verður ekki dregin önnur ályktun en að um heimild til innheimtu þjónustugjalda sé að ræða. Að mati ráðuneytisins er umrædd gjaldtökuheimild þó ekki nægjanlega skýr. Byggir ráðuneytið fyrrnefnda skoðun sína fyrst og fremst á því að í ákvæðinu kemur ekki fram með nægjanlega skýrum hætti að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjöld fyrir móttöku úrgangs og skólps. Samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar um þjónustugjöld er það forsenda þess að heimilt sé að innheimta

þjónustugjöld að slík gjaldtökuheimild komi fram með skýrum hætti.

Ráðuneytið leggur því til að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þennan hátt, tekið verði sérstaklega fram að sveitarfélögum sé heimilt að innheimta gjald vegna umræddar þjónustu og síðan að þeim sé heimilt að setja sér gjaldskrá vegna hennar. Að lokum leggur ráðuneytið til að síðasta málslið 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði sleppt þar sem sambærileg regla leiðir af almennum reglum um þjónustugjöld og orðalagið „rökstuddum kostnaði“ gæti valdið óskýrleika t.d. um hvort ákvæðið geri meiri kröfur til sveitarfélaga um innheimtu og fjárhæð þjónustugjalda en meginreglur um þjónustugjöld almennt.

Að öðru leyti telur ráðuneytið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

F. h. r.


Guðjón Bragason / 
Guðmundur Ómar Hafsteinsson